



17.02.2025

Spurningar frá L – lista varðandi tilraunaboranir á Bakkafirði

Spurningar vegna tilraunaborana á Bakkafirði sem fróðlegt væri að fá svör við:

- 1) Hversu margar og hversu djúpar "varmadæluholur" voru boraðar í Bakkafirði sumarið 2022
 - 2) Hvað kostaði verkefnið og hver eða hverjir borguðu það?
 - 3) Hvað er hægt að segja um árangurinn?
- Eru frekari boranir eða verkefni tengd varmadælum fyrirhuguð í Langanesbyggð?

Svör verkefnastjóra innviða við spurningum:

Samtals voru boraðar 9 holur á Bakkafirði, 8 við skólahúsnæðið og 1 við Bjargið, fiskvinnslu.

Orkustofnun greiddi fyrir borunina við Bjargið, og þrjár holur við skólann. Sveitarfélagið greiddi m.ö.o. fyrir 5 holur við skólann, og kostuðu þær samtals með VSK 5.943.320 kr. Þess ber þó að geta Langanesbyggð greiddi ekki fyrir flutning á búnaði o.s.frv. og hefur sá kostnaður væntanlega verið greiddur af Orkusjóði.

- *Styrkfé sem Langanesbyggð hafði upp í verkefnið í heild samtals 11.250.00 kr.*

Þær holur sem **Orkustofnun** greiddi sjást hér í kortasjá:

<https://www.map.is/os/@690248,621914,z11,0>

Holan við Bjargið ehf er 210 metrar. Langanesbyggð kom í sjálfu sér ekki að því verkefni. Ég get þó sagt að vonir stóðu til um að þar myndist vatnsmagn sem hægt væri að nýta með beinum hætti. Sú var hins vegar ekki raunin. Sem varmadæluhola þá dugir sú hola ekki ein og sér, ekki ef við horfum til orkuþarfar fiskvinnslunnar. Verktakinn gekk hins vegar frá holunni og hún er þá nýtileg sem varmadæluhola, en þá þarf að fjármagna slíkt verkefni. Það er auðvitað ekki á könnu Langanesbyggðar. Eins og er felst árangurinn því einkum í þeim upplýsingum sem fást með því að bora þarna tilraunaholu (hitastigull o.s.frv.).

Uppleggið við skólann var alfarið að bora fyrir varmaskipti, og engar vonir um vatnsmagn þar sem mætti nýta. Upphaflega áttu borholurnar við skólann að vera álíka djúpar og við Bjargið en verktakinn kom hins vegar niður á leirlag og lenti í hruni á um 75 m dýpi. Því var brugðið á það ráð að bora fleiri holur, en grynri (75 m c.a.), til að ná fram þeim varmaskiptum sem verkefnið krafði.



Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef þá er varmadælan í skólanum farin að keyra en ekki komin reynsla á verkefnið varðandi orkusparnað. Endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir en kostnaður fór fram úr áætlun.

Varðandi frekari boranir eða verkefni tengd varmadælum þá vorum við í viðræðum við ráðuneyti orkumála á síðasta ári, en má segja að við séum þar á ákveðnum upphafsreit aftur. Ég hef hugsað mér að fara betur yfir þau mál í næstu viku, þegar framkvæmdastjóri SSNE heimsækir Langanesbyggð.

Bestu kveðjur

Gunnar